



Dreifibréf til váttryggingafélaga

29. apríl 2016  
Tilvísun: 2016040055

### Efni: Hagsmunaskráning stjórnenda og starfsmanna váttryggingafélaga

Í ljósi umræðna síðustu daga um aflandsfélög og skattaskjól hvetur Fjármálaeftirlitið váttryggingafélög til að yfirfara hagsmunaskráningu stjórnenda og starfsmanna sinna með eftirfarandi lagaákvæði í huga.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, skulu váttryggingafélög fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Fjármálaeftirlitið vekur athygli á að samkvæmt ákvæði 4.2.3. í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem útgefnar eru af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, skal framkvæmdastjóri bera önnur verkefni sín, sem ótengd eru félaginu, undir stjórn félagsins til umfjöllunar. Þá skal stjórn váttryggingafélags samkvæmt 14. mgr. 54. gr. laga nr. 56/2010 setja sér verklagsreglur um verðbréfavíðskipti félagsins, stjórnar þess og starfsmanna. Að mati Fjármálaeftirlitsins ættu framangreindar verklagsreglur að fela í sér að váttryggingafélög komi á og viðhaldi að breyttum breytanda sambærilegu verklagi og fjármála fyrirtækjum er skylt skv. 10. gr. reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármála fyrirtækja.

Í framangreindu felst að stjórnarmönnum og starfsmönnum váttryggingafélags, sem undir reglurnar heyra, er skylt að tilkynna váttryggingafélaginu tafarlaust um öll eigin víðskipti sem stjórnarmenn og starfsmenn stofna til og ber váttryggingafélaginu að halda skrá um eigin víðskipti stjórnarmanna og starfsmanna hans. Með eigin víðskiptum telur Fjármálaeftirlitið rétt að líta til skilgreiningar 4. tölul. 2. gr. nefndrar reglugerðar nr. 995/2007 sem felur í sér að til eigin víðskipta teljist víðskipti sem eru framkvæmd af eða fyrir hönd stjórnarmanna eða starfsmanna váttryggingafélags þegar a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- víðskiptin eiga sér stað utan verksviðs hlutaðeigandi stjórnarmanns eða starfsmanns váttryggingafélags,
- víðskiptin eru innt af hendi fyrir reikning einhvers af eftirfarandi aðilum:
  - stjórnarmanns eða starfsmanns váttryggingafélags
  - aðila sem tengdur er stjórnarmanni eða starfsmanni váttryggingafélags fjölskylduböndum eða aðila sem tengist náíð stjórnarmanni eða starfsmanni váttryggingafélags
  - aðila sem er í slíkum tengslum við stjórnarmann eða starfsmann váttryggingafélags að sá síðarnefndi hefur beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta af niðurstöðu víðskiptanna



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fyrrgreind tilkynningarskylda er þó ekki talin gilda um eigin viðskipti stjórnarmanna eða starfsmanna sem framkvæmd eru í eignastýringu þar sem engin samskipti fara fram í tengslum við viðskiptin milli eignasafnsstjórans og hlutaðeigandi einstaklings eða viðskipti með hlutdeildarskírteini í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum sem uppfylla skilyrði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingur taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs.

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að váttryggingafélög gæti að orðsporsáhættu sinni sem einingar tengdar almannahagsmunum. Váttryggðir, váttryggingartakar, hluthafar og almenningur eigi að geta treyst því að hagsmunaskráning stjórnenda og starfsmanna sé í samræmi við lög og reglur sem þar um gilda. Komi í ljós við yfirferð að annmarkar hafi verið á hagsmunaskráningu váttryggingafélags óskar Fjármálaeftirlitið eftir því að vera upplýst um slíkt án tafar.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Halldóra E. Ólafsd.*  
Halldóra E. Ólafsdóttir

*Gunnar Þór Ásgeirsson*  
Gunnar Þór Ásgeirsson